

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979, um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun að nýju, þegar almennt verklegt próf er haldið, og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 26. maí 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

Snorri Olsen.

20. júní 1985

Nr. 263

## AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og með heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

„U-beygja er bönnuð á gatnamótum Höfðabrekku og Hédinsbrautar og gatnamótum Garðarsbrautar og Þverholts.“

Ákvæði þetta taki gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn á Húsavík, 20. júní 1985.*

**Sigurður Gizurarson.**

27. júní 1985

Nr. 264

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 337 17. júlí 1984, um meðferð, geymslu og vinnslu rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

1. gr.

Aftan við 14. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein er hljóðar þannig:

Heimilt er undir umsjón fiskmatsstjóra að hraðfrysta í landi í tilraunaskyni ferska rækju í skel, þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að hún var veidd.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1985.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Baldur Jónsson.*

**REGLUGERÐ****um styrki og lán til greiðslu námskostnaðar fatlaðra.**

## 1. gr.

Heimilt er að veita fötluðum 16 ára og eldri styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga og reglugerða.

Með námskostnaði er hér átt við:

1. Greiðslur til framfærslu meðan á námi stendur.
2. Greiðslur vegna almenns útlagðs námskostnaðar vegna námsgagna og námskeiðs- og/eða skólagjalda.
3. Greiðslur vegna sérstaks útlagðs námskostnaðar, sem tengist fötlun, s. s. vegna sérstakra námsgagna, sem nauðsynleg eru vegna fötlunar.

Heimild til greiðslu, skv. 2. og 3. tl., verður því aðeins beitt, að ljóst sé, að samsvarandi kostnaður verði ekki greiddur skv. öðrum lögum og reglugerðum, s. s. skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki og reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu. Sama á við þegar lög nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum eiga í hlut, sbr. t. d. ákvæði þeirra laga um hjálpartæki.

Eigi umsækjandi rétt á námsláni eða styrk skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki (Lánasjóður ísl. námsmanna), er einungis heimilt að veita honum aðstoð skv. lið nr. 3.

Eigi umsækjandi engan rétt til láns eða styrks úr Lánasjóði ísl. námsmanna, er heimilt að veita honum aðstoð skv. tölulíðum 1—3 eftir því sem við á, sbr. og 2. mgr.

## 2. gr.

Aðstoð skv. 1. gr. skal veitt með eftirfarandi hætti:

1. Með láni eða styrk vegna 1. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.
2. Með styrk vegna 2. og 3. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.

## 3. gr.

Umsóknir um styrk eða lán vegna námskostnaðar skulu berast svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa og svæðisstjórnir afhenda, ásamt ítarlegri greinargerð og áætlun um námið, þar sem m. a. komi fram tilgangur náms, námstími og áætluð námslok svo og upplýsingar um tekjur og fjölskyldustærð.

Svæðisstjórn sendir tillögur sínar, þar sem m. a. kemur fram rökstuðningur, tillaga hvort um styrk eða lán sé að ræða og tillaga um fjárhæð til félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvörðun í málinu.